



Breytingartillaga vegna dagskrárliðar 16 – Tillaga að breytingu á starfsreglum tilnefningarnefndar bankans.

Vísað er til tillögu stjórnar til breytinga á 3. mgr. 3. gr. starfsreglna tilnefningarnefndar bankans, sbr. dagskrárlið 16.

Stjórn Arion banka leggur til eftirfarandi breytingar á tillöggunni, þannig að eftirfarandi undirstrikaður texti bætist við fyrirbyggjandi tillögu stjórnar, en yfirstrikaður texti fari út.

„Að ákvæði 3. mgr. 3. gr. verði breytt og verði sem hér segir:

Based on shareholders' proposals and submissions of candidacy, the Committee shall propose to the shareholders candidates to serve on the Board of Directors and publish its proposal ~~along with other declarations of candidacy~~ at least ~~40~~21 days prior to the Annual General Meeting or other shareholder meetings where Board election is on the agenda. The Committee shall arrange for details of all candidates for Board election to be published no later than 10 days prior to such meeting. Following expiry of the deadline for Board candidacy, the Committee is authorised to update its proposal on Board candidates and publish its final proposal together with the list of Board candidates. In its proposal for candidates, the Committee shall propose which candidate shall serve as the Chairman and the Vice Chairman of the Board of Directors of the Bank. The Committee shall also propose to the Annual General Meeting the remuneration payable to the members of the Board of Directors. The Committee's proposal of candidates and remuneration shall be sent to all shareholders or made publicly available.”

Greinargerð með breytingartillögu:

Breytingartillagan byggir á því að tilnefningarnefnd leggi mat á þau framboð sem berast fyrir ákveðinn framboðsfrest, sem settur er af tilnefningarnefnd fyrir hvern aðalfund eða hluthafafund þar sem kosning stjórnar bankans er á dagskrá, og birti skýrslu sína og tillögur um samsetningu stjórnar eigi síðar en 21 degi fyrir viðkomandi fund, en að þessi framboðsfrestur tilnefningarnefndar komi ekki í veg fyrir að önnur framboð geti borist stjórn bankans eftir þann tíma. Er þar miðað við almennan framboðsfrest samkvæmt grein 17.3 í samþykktum bankans, með þeim breytingum sem lagðar eru til af hálfu stjórnar, sbr. dagskrárlið 15. Er enn fremur lagt til að tilnefningarnefnd verði heimilt að uppfæra tillögur sínar að samsetningu stjórnar eftir að almennum framboðsfresti lýkur og skila lokaskýrslu eigi síðar en 10 dögum fyrir fund, á sama tíma og öll framboð sem borist hafa til stjórnar eru birt.